| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2018 / 2019 |
| Ábyrgðarmaður: | Deildarstjóri áætlunar og greiningar |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 12.09.2019 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Dís Sigurgeirsdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | Tillaga um undirbúning velferðarstefnu |
| **Þjónustuþáttur:** | Tekur til allra þjónustuþátta velferðarsviðs |
| **Stofnun/kostn.st.:** | Skrifstofa velferðarsviðs V1110 |
| **Fjárhæð:** | Rúmast innan fjárheimilda |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Tillaga um mótun heildstæðrar velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Markmið slíkrar stefnumótunar er að ná heildarstefnu í þeim mismunandi málaflokkum sem undir sviðið heyra, forgangsraða verkefnum og skipuleggja starfsemina þannig að stefna, gildi sviðsins og leiðarljós verði ávallt í forgrunni í þjónustuveitingu sviðsins.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

Við undirbúning stefnunnar verður þess gætt að aðgerðir muni ekki halla á nokkurt kynjanna.

**Hvaða hópa snertir tillagan?**

Tillagan snertir alla þjónustuþega og starfsfólk velferðarsviðs.

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.**

Tillagan sjálf hefur ekki áhrif á stöðu kynjanna eða jaðarsetta hópa en þegar hafist verður handa við stefnumótunina mun afraksturinn án efa hafa jákvæð áhrif á nefnda hópa. Í stefnumótuninni mun felast endurskoðun á þjónustu sviðsins. Slík endurskoðun á þjónustuveitingu felur í sér jákvæða breytingu fyrir þjónustuþega. Aukin áhersla verður á notendasamráð og breyttar vinnuaðferðir í takti við nýjustu tækni og þekkingu. Slíkt er til hagsbóta bæði fyrir þjónustuþega sem og starfsfólk. Haft verður að leiðarljósi að aðgerðirnar gagnist öllum kynjum jafnt.

**Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]**

Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.